

Fundargerð

stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness þriðjudaginn 12. janúar kl. 20.00 á Mímisbar Hótel Sögu.

Mættir: Svana M. Davíðsdóttir formaður og fundarstjóri, Hervör Pálsdóttir, Sonja Bergmann, Katrín Magnúsdóttir, Garðar Gíslason og Davíð Scheving.

Forföll boðuðu Ólafía Harðardóttir, Helga Sverrisdóttir og Guðrún Karlsdóttir.

Fundarritari: Hervör Pálsdóttir.

Dagskrá – umræður

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram

Samþykkt.

2. Fyrirlestraröð – opið hús

Svana kynnir málið. Opið hús/fyrirlestraröð fyrir foreldra hefur verið unnið áður í góðri samvinnu við bæinn. Fundur í síðustu viku með fulltrúum bæjarins. Í kjölfar þess fundar er lagt fyrir hvort foreldrafélagið mæli með eineltisfræðslu sem þema á opnu húsi. Allar upplýsingar um fræðsluerindið eru á www.marita.is. Ákveðið að Svana óski eftir því við fræðslustjóra, f.h. foreldrafélagsins, að viðburðurinn verði settur á opið hús.

Lagt til að staðsetningi yrði frekar í félagsheimilinu.

Spurning hvort að streyma eigi fundinum á lokuðu svæði. Þarf að ræða við fyrirlesara.

Samþykkt.

3. Annar fundur með starfshópi um jákvæð samskipti í janúar

Svana fékk mjög góð viðbrögð við póstinum sem var sendur á foreldra. Margir tóku vel í verkefnið og nokkrir buðust til að taka þátt. Góðir punktar komnir frá forráðamönnum Valhúsaskóla. Lagt til að formaður unglingaráðs ungmennaráðs handknattleiksdeildar Gróttu komi inn í hópinn og fulltrúar annarra deilda Gróttu. Sonja ætlaði að athuga með það.

Tillögur einnig komnar frá Seli og Kára í Gróttu

Skólastjórar hafa óskað eftir því að næsti fundur verði í febrúar.

Jafnframt samþykkt að fela Davíð og Garðari að setja upp skoðanakönnun meðal foreldra um upplifun þeirra af samskiptum, helst í samráði við fagaðila, t.d. skólasálfræðing. Þetta liggi fyrir ca um 20. janúar nk. til að tímarammi verkefnisins haldi sér.

4. Viðbrögð við svörum skólans um stöðu byrjendalæsis mála

Svar við bréfi stjórnar foreldrafélags rætt. Skv. tölulegum gögnum hefur árangri barna ekki hrakað. Málið rætt, hvor og hvaða aðgerða er þörf í framhaldinu.

5. Sjálfsmatsáætlun grunnskólans

Birt á heimasíðu grunnskólans. Stjórn foreldrafélags mun kynna sér áætlunina og ræða frekar á næsta fundi en Garðar tekur að sér að draga saman helstu punkta fyrir stjórn og stjórna umræðu um skýrsluna.

6. Staða á innheimtu árgjalds

Á síðasta fundi kom fram að hlutfall heimta væri um 85%. Ólafía kynnur á næsta fundi.

7. Heimsókn í skjólið

Leggja til fund með Rut þar sem málefni skjólsins verði rædd við hana og svo á vettvangi bæjarins og skólayfirvalda. Þurfum að ræða aðstöðuna og möguleika á námskeiðum í Skólinu og efni þeirra.

Hervör tekur saman minnisblað um skjólið og stöðu þess innan skólans/bæjarins.

Svana talar við Rut og kemur á fundi.

8. Fundur um áfengis- og vímuvarnir

Frestað til næsta fundar.

9. Skólanefndarfundur

Garðar kynnti. Efni síðasta fundar rætt.

10. Skólaráðsfundur

Svana kynnti. Efni síðasta fundar rætt.

Næsti fundur átti að vera 11. jan en var ekki boðaður. Fyrirhugað að ræða málefni nemenda aðallega, stöðuna á Skólapúlsinum, nemendakönnun o.fl.

Áherslur stjórnar foreldrafélagsins á næsta fundi m.a. eftirfarandi:

- Ath með keðjuna sem lokar leiksvæðinu – hvort búið sé að taka hana
- Ath með stöðuna á innkeyrslu aðfanga inn á lóðina
- Upplýsingar um forföll kennara vantar frá skólanum, misbrestur á að sé tilkynnt til foreldra ef tímar falla niður í einkum í bekkjarkennslu, sund, leikfimi
- Hugmyndir um að byrja skólana seinna
 1. Mýró t.d. 8:20 eða 8:30
 2. Való 9:00
 - myndi léttu verulega á umferð og auðvelda morgnana
 - á sérstaklega við í dimmasta skammdeginu
 3. Mönnun í Skjólinu. Tómsfundafulltrúinn hættur. Vantar 4 stm.

11. Önnur mál

Öskudagsskemmtunin. Stjórn foreldrafélagsins ræðir málið, reynum að halda í hefðirnar. Hervör tekur að sér að hefja athugun málsins með aðstoð Helgu, Guðrúnar og Ólafíu.

Næsti fundur ákveðinn þann 11. febrúar kl. 20.00 í hátíðarsal íþróttahúss Gróttu. Hervör sér um að bóka salinn.

Davíð – vikur af fundi 21.15

Garðar – vikur af fundi 21.25

Fundi slitið 21.45.

